

# Æðarsetur Íslands opnað í Norska húsinu í summar

Rætt við Erlu Friðriksdóttur í Stykkishólmi

Æðarsetur Íslands verður opnað í Norska húsinu í Stykkishólmi í byrjun júní. Þar verður íslenska æðarfuglinum og æðardúninum gert hátt undir höfði með hlunnindasýningu, fræðslu um fuglinn og vágesti hans sem og sölu á minjagripum. Það er fyrirtækið Queen Eider sem stendur að Æðarsetrinu, en Erla Friðriksdóttir, fyrrum bærstjóri í Stykkishólmi, stofnaði það í október á síðasta ári ásamt föður sínum Friðriki Jónssyni. „Við höfum flutt út æðardún í ein tuttugu ár,“ sagði Erla í samtali við Skessuhorn, „en hugmyndin var alltaf að framleiða fullunna vörur úr dúninum hér á landi. Ekkert varð úr þeim áætlunum svo við ákváðum að stofna þetta hlutafélag með það að markmiði að gera æðardúninn að verðmeiri vörur en hann hefur hingað til verið. Æðarsetrið er hluti af þeirri hugsjón.“

## Stykkishólmur tilvalinn

Í nóvember á síðasta ári var haldinn aðalfundur Æðarræktarfélags Íslands þar sem meðal annars var kynnt það sem Norðmenn hafa gert til heiðurs æðarfuglinum. Erla segist hafa heillast af hugmyndafræði Norðmanna sem er fyrirmynndin af Æðarsetri Íslands. Hún segir undirbúningsvinnuna fyrir setrið ganga vel. „Nú erum við að vinna í því að finna gamlar myndir og jafnvel kvikmyndir sem og gömul áhöld sem notuð voru við vinnslu á æðardúninum. Háskólastur Snæfellsness og Náttúrustofa Vesturlands eru að vinna að fræðslusýningu um lífriki æðarfuglsins og vágesti hans, svo sem mink, ref og örni. Listakonurnar okkar Sigríður Erla Guðmundsdóttir, Ragna Scheving og Lára Gunnarsdóttir eru síðan að búa til listmuni og handverk úr leir, gleri og tré sem tengjast æðarfuglinum og æðardúninum en þessir munir verða til sölu á sýningunni. Safnið verður bæði skemmtilegt og lifandi, við munum sýna hvernig dúninn var og er hreinsaður og fá fólk til að segja frá sinni upplifun úr æðarvarpi,“ segir Erla. Hún segir Stykkishólmur tilvalinn stað til þess að hafa æðarsetur á Íslandi. „A Breiðafirði er langstærtæ ðarvarpið á landinu og það vill einnig svo skemmtilega til að Háskólastur Snæfellsness sérhæfir sig í rannsóknum á æðarfugli og Náttúrustofa Vesturlands sérhæfir sig í rannsóknum á mink og erni, sem eru helstu vargarínir í æðarvarpi. Þá hefur Anna í Anok verið að þróa vörumerki fyrir Æðarsetrið



Erla Friðriksdóttir.

og merkimiða. Öll vinna sem kemur að setrinu er unnin af heimafólk. Pannig er mjög viðeigandi að Æðarsetur Íslands verði í Stykkishólmi.“

## Framleiða sængur

Æðarsetrið verður í Norska húsinu í summar, og mögulega því næsta, en framhaldið er óráðið. Að sögn Erla verður síðar lagt mat á það hvort grundvöllur verði fyrir áframhaldandi starfsemi í eigin húsnæði. Draumurinn sé að hafa Æðarsetur Íslands í Stykkishólmi til framtíðar. „Æðarfuglinum hefur aldrei áður verið gert eins hátt undir höfði á Íslandi, ekki með þessum hætti. Hlunnindasýning var sett upp á Reykhólum fyrir nokkrum árum en Æðarsetrið verður mun fyrirferðarmeira,“ segir Erla. Á Æðarsetrinu verða auk minjagripa til sölu sængur framleiddar í Stykkishólmi undir vörumerkjum Queen Eider. „Einnig ætlum við að reyna að finna fleiri íslenskar vörur sem gerðar eru úr íslenskum æðardúní og selja í setrinu, til dæmis húfur, vettlinga og kerrupoka, en betta er það eina sem við leitum að út fyrir Stykkishólmi. Æðarsetur Íslands mun þannig einnig innihalda litla verslun með vörum úr æðardúní.“

## Hingað til verið

### áhugamál

Faðir Erla, Friðrik Jónsson, hefur ásamt fleirum verið með æðarvarpi í Breiðafirði í yfir þrjátíu ár. Það fyrsta var í Bjarneyjum, síðan bættust Djúpeyar við og svo Hvallátrar. Dúninn er tíndur á meðan á varptíma æðarfuglsins stendur, mánuðina maí og júní ár hvert, og hreinsun hans hefst síðan í lok júní og stendur fram eftir vetrin. „Hingað til hef-

ur þetta verið áhugamál hjá okkur báðum,“ útskýrir Erla, „en nú ætlum við að hella okkur í þetta af fullum þunga. Við höfum bæði gegnt ábyrgðarmiklum stöðum í sveitarfélagini síðastliðin ár sem kröfðust bæði mikillar orku og tíma. Ég var bærstjóri í Stykkishólmi síðastliðin fimm ár, eða þangað til nýr meirihluti tók við síðastliðið vor, og pabbi var læknir hérna í 33 ár þar til hann hætti síðasta haust. Þessi útflutningur æðardúnus síðastliðin tuttugu ár hefur þannig alltaf verið stundadur með öðrum störfum. Við eignum dúnreinsistöð hérna í Stykkishólmi og þar að auki erum við með aðstöðu að Hamraendum til að fullvinna vörur úr dúninum. Við höfum alltaf gert sængur af og til fyrir vini og kunningja, en hugmyndin á bak við Queen Eider var meðal annars að búa til vörumerki sem við getum selt sængurnar undir. Við sönkum að okkur dúní allsstaðar af landinu þar sem er eithvað æðarvarp, dúninn kemur ekki aðeins úr Breiðafirði.“

Eins og áður sagði stofnuðu þau feðgin fyrirtækið Queen Eider í október síðastliðnum en það er þó ekki stærsta verkefnið sem Erla fæst við þessa dagana. Níu vikna lítt drengur á hug hennar allan, sá sjötti í systkinaröðinni.

## Ekkert verra en

### gargandi kerlingar

Erla segir Æðarsetur Íslands meðal annars geta tengst ferðajónustu á svæðinu. Ef bændur séu til dæmis reiðubúnir til að bjóða upp á ferðir í æðarvörp á eigin vegum þá sé hægt að benda ferðamönnum á þær í Æðarsetrinu. „Ég sé fyrir mér sérstakar ferðir þar sem fólk gæfist jafnvel kostur á því fara með í að tína dúninn,

fá fræðslu um æðarfuglinn og gista síðan undir dúnsgang. Þessar ferðir bjóða upp á mikla möguleika fyrir bændur á svæðinu en þær yrðu þó að vera bæði fámennar og kostnaðarsamar. Eins og Pétur Guðmundsson kollegi minn í Ófeigssírði komst svo vel að orði þá er ekki hægt að fá neitt verra í æðarvörpin heldur en hóp af gargandi kerlingum. Þær eru verri en minkurinn því hann má þó skjóta,“ segir Erla og hlær. Hún segir þessa tengingu við ferðajónustuna einmitt það sem gert sé í Noregi, með þessum hætti selja Norðmennirnir dúninn.

Á nýastöðinni ráðstefnu um atvinnumál og nýsköpun í Stykkis-

dúninn er afar fágætur. Erla segir eiginleika æðardúnins einstaka. „Hann hefur mikla samloðun, ef þú tekur upp hrúgu af honum loðir hann saman í höndunum á þér. Ef þú blæst á hrúgu af æðardúni þyrlast hann ekki um allt eins og annar dún gerir heldur er hann alveg kyrr. Þá geturðu einnig troðið mjög miklu magni af dúninum í lófann á bér og þegar þú sleppir takinu verður til risastór kúla. Ég var bara krakki þegar ég fór að fara með pabba út í eyjar að tína æðardún. Seinna áttáði ég mig á því hversu heillandi dúninn er í raun og veru. Í fyrsta lagi er þetta hrein náttúruafurð og afar íslensk, í öðru lagi eru eiginleikarnir einstak-



A nýlegri ráðstefnu um atvinnumál í Stykkishólmi.

Ljós. Grettir D. Pálsson.



Æðarfuglar með ungana sína.



Hreiður æðarkollunnar.

hólmum kynnti Erla hugmyndafræðina á bakvið Queen Eider og Æðarsetrið. Hún segir fullvinnslu á dúninum geta skapað aukna atvinnu á svæðinu og þá skapi öll vinnan í kringum setrið einnig verkefni í bænum. „Þó svo að það verði ekki ráðnir starfsmenn á Æðarsetrið sjálf þá verða til nokkrur hliðarverkefni eins og til dæmis uppsetning á heimasiðu og hönnun vörumerkis,“ segir Erla.

## Einstakir eiginleikar

Æðardún er nánast alíslensk afurð. Talið er að um fjögur þúsund kíló falli til af honum í heiminum ári hverju, þar af um þrjú þúsund á Íslandi. Hér er einnig um að ræða hundrað prósent náttúrulega afurð, fuglarnir eru ekki ræktarior og reitir, sem gerir það síðan að verkum að

ir og í þriðja lagi er samspilið milli manns og náttúru svo skemmtilegt. Maðurinn passar til dæmis mjög vel upp á kolluna með því að halda vörum frá henni.“

Fágæti æðardúnins og einstakir eiginleikar hans gera það að verkum að hann er mjög dýr. Í Japan, þangað sem Erla og faðir hennar selja lang mest af dúninum, er verðið á einni dúnsgang sambærilegt verði á líthum smáblí. Auk Japans er dúninn aðallega fluttur til Pýskalandi og annarra Evrópulanda. „Við höfum alla tíð lagt gríðarlega áherslu á gæði æðardúnins. Það er mjög auðvelt að fara illa með hann með rangri meðhöndlinum. Við munum alltaf leggja upp með að bjóða fólk upp á hágæða vörur,“ sagði Erla að lokum.

# Metþátttaka á árshátið starfsmanna Snæfellsbæjar



Arshátið starfsmóls Snæfellsbæjar fór fram um síðustu helgi í Klifi. Mikil stemning var fyrir hátiðina og mættu 230 manns til leiks. Á bæjarskrifstofum sveitarfélagsins var léttileikinn láttinn ráða för alla síðustu viku og stemningin byggð upp. Þar voru ýmis þemu í gangi alla vikuna. Má þar nefna hrekkaðaga, hatta- og hárkollupema, bleikan klæðnað og í dag er kántrypema í klæðnaði. Meðfylgjandi mynd er augnablikmynd af skrifstofunni sem sýnir stemninguna eins og hún var. mm